



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið
Síðumúli 24
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. nóvember 2023
VEL23110041

Umsögn um Landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Vísað er til samráðsgáttar stjórnvalda þar sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur kynnt tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 (Landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks). Áætluninni er skipt í sex flokka með 57 aðgerðum.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar áætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar má finna margar mjög mikilvægar aðgerðir sem löngu er tímabært að hrinda í framkvæmd.

Í einhverjum aðgerðum er sérstaklega kveðið á um studda ákvarðanatöku og viðeigandi aðlögun en velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur að þessir tveir þættir séu það veigamiklir í stuðningi við fatlað fólk að ástæða sé til að tilgreina þá í öllum aðgerðum svo að tryggt sé að öll geti tileinkað sér innihald og tekið þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

Þá vill velferðarsvið Reykjavíkurborgar benda á misræmi í aðgerðum varðandi samstarfsaðila en á nokkrum stöðum er talað um Samband íslenskra sveitarfélaga en annars staðar er tilgreint að sveitarfélög séu samstarfsaðilar og jafnvel byggðasamlög. Það færi betur á að samræma þetta og að Samband íslenskra sveitarfélaga yrði skráð sem samstarfsaðili og fengi þá það hlutverk að útdeila verkefnum til sveitarfélaga eftir þörfum.

Hér fyrir neðan koma athugasemdir velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um hverja aðgerð fyrir sig eftir staf og töluliðum:

A.1.

Mjög jákvæð aðgerð en markmiðið er mjög vítt og erfitt að sjá fyrir sér hvernig á að framkvæma hana. Þessa aðgerð þarf að afmarka betur og skýra bæði markmið og framkvæmd. Hér væri eðlilegt að tilgreina fleiri samstarfsaðila þ.m.t. öll ráðuneytin.



A.7.

Gerð er athugasemd við fyrirsögn aðgerðarinnar. Tillaga að breytingu: *Gerð fræðsluefnis fyrir starfsfólk um aðgerðir til að sporna gegn beitingu nauðungar.*

Huga þarf að því að um er að ræða tvo mismunandi hópa. Annars vegar starfsfólk sem veitir fötluðu fólki stuðning s.s. á heimilum, í vinnu og virkni o.fl. og hinsvegar starfsfólki sem sinnir öðru hlutverki í lífi fatlaðs fólks s.s. starfsfólk sem starfar við löggæslu, ákærvald, dómsvald og fangelsi. Fræðsluefni þarf að aðlaga í samræmi við eðli þjónustu og þeirra starfa sem um er að ræða. Að auki er þörf á því að starfsfólk heilbrigðiskerfisins, einkum þeirra sem sinna geðheilbrigðisþjónustu fái fræðslu um aðgerðir til að sporna við beitingu nauðungar. Mögulega færi betur á því að skipta þessari aðgerð í tvennt.

A.8.

Þessi aðgerð þyrfti líka að ná til starfsfólks sem veitir fötluðu fólki stuðning í daglegu lífi. Þyrfti hugsanlega að skipta í tvennt.

A.13.

Eðlilegt að ábyrgð á stuðningi við skuggaskýrslu hagsmunasamtaka færist til nýrrar og óháðrar mannréttindastofnunar.

B.1. og B.2.

Hér mætti koma fram að það er ekki stafrænt/rafrænt aðgengi fyrir alla og að markmið aðgerðarinnar sé að tryggja það. Mikilvægt er að skýra hugtökin, þ.e. hvað felst í stafrænu aðgengi og hvað felst í rafrænu aðgengi. Er einhver munur þar á?

Mikilvægt er að tilgreina Samband íslenskra sveitarfélaga sem samstarfsaðila við báðar þessar aðgerðir.

B. 4.

Þegar talað er um aðgengi fyrir öll er væntanlega verið að tala um aðgengi í víðum skilningi. Lýsing á aðgerðinni felur það í sér að aðgerðinni sé eingöngu ætlað að greina aðgengi að mannvirkjum og ef svo er að þá þarf það að koma fram í heiti aðgerðarinnar, annað er villandi. Ef aðgerðinni er ætlað að greina gildandi laga- og reglugerðarumhverfi m.t.t. aðgengis fyrir öll í víðum skilningi þá þarf að tilgreina það með einhverjum hættu í aðgerðinni. Mætti tilgreina fræðasamfélagið sem samstarfsaðila ekki síst til að tryggja rétta túlkun á hugtakinu aðgengi og hugtakinu algild hönnun.

B.6.

Hér er aftur talað um aðgengi fyrir öll en eingöngu tilgreint að útbúa leiðbeiningar fyrir þá aðila sem koma að hönnun og gerð mannvirkja. Mætti tilgreina fræðasamfélagið sem samstarfsaðila ekki síst til að tryggja rétta túlkun á hugtakinu aðgengi og hugtakinu algild hönnun.



B.7.

Eðlilegast væri að aðgengisfulltrúi sveitarfélags sinni öllu aðgengi fyrir fatlað fólk í hverju sveitarfélagi og því illskiljanlegt af hverju hlutverk hans sé sérstaklega skilgreint í byggingareglugerð en ekki í öðrum reglugerðum.

B.8.

Velferðarsvið telur ljóst að ekki þurfi að kortleggja sérstaklega hvort samgöngur innanlands og á milli landa séu aðgengilegar, heldur hægt að fara beint í að leggja fram tillögur til úrbóta.

B.9.

Í stað þess að orðalagið sé á þann veg að verið sé að kortleggja *upplifun* teljum við að orðið *reynsla* ætti að vera notað í staðinn.

B.10.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur til að Samband íslenskra sveitarfélaga verði gerður að samstarfsaðila í þessari aðgerð og auk þess óskar velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir að fá að vera samstarfsaðili í þessari aðgerð þar sem stór hópur einstaklinga í þjónustu okkar er með sértækar þarfir auk þess að vera með fíkn.

C.1.

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun á lögum 38/2018 er talað um aðstoðarmannakort og leggjum við til að það hugtak verði notað yfir kort sem gefið er út í nafni fatlaðs einstaklings sem þarf aðstoðarmann til að sækja afþreyingu og þjónustu. Kortið er alls ekki ætlað aðstoðarfólki heldur fyrst og fremst fötluðu fólki sem nýtur aðstoðar til að það þurfi ekki að greiða kostnað vegna starfsmannsins. Heiti kortsins í aðgerðinni gefur til kynna að kortið sé ætlað aðstoðarfólki, þetta þarf að vera skýrt.

C.3.

Í þessari aðgerð verður að horfa sérstaklega til þeirra sem falla undir 9. grein laga nr. 38/2018 og þeirrar greiningarvinnu sem aðrir starfshópar hafa nú þegar unnið og þær tillögur sem liggja fyrir.

C.6.

Hér þarf nákvæma hugtakaskilgreiningu. Hvað er átt við með stofnun, sambýli, hjúkrunarheimili? Hafa verður í huga að fólk getur búið gegn vilja sínum á íbúðakjarna eða í foreldrahúsum o.s.frv. Þessi aðgerð þarfnast nánari útfærslu og betri skilgreiningar.



C.7.

Hér þarf að bæta fræðasamfélaginu inn sem samstarfaðila.

D.1.

Hér má bæta við að finna þurfi leiðir til að mæta betur þörfum nemenda m.t.t. viðeigandi aðlögunar.

D.2.

Gera þarf leiðbeiningar um tilfærsluáætlanir fyrir öll skólastig, leik-, grunn-, framhalds- og háskóla. Bæta þarf Sambandi íslenskra sveitarfélaga og háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti við sem samstarfaðila auk fræðasamfélagsins (sleppa fagfólk).

D.5.

Bæta Sambandi íslenskar sveitarfélaga og fræðasamfélaginu við sem samstarfsaðila.

D.6.

Taka út fagfólk og setja inn fræðasamfélagið í samstarfsaðila.

D.7.

Fyrirsögnin er aðgreinandi og því ekki í anda SRFF. Tillaga að breytingu á heiti aðgerðar: Að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að lýðskólum á Íslandi.

D.8.

Tillaga að orðalagsbreytingu: Í stað vinnustaðir fatlaðs fólks og hæfingarstöðvar verði sagt vinnu- og virknimiðstöðvar fatlaðs fólks.

D.9.

Hér má bæta verkalýðsfélögum og vinnu- og virknimiðstöðvum við sem samstarfsaðilum og taka út hæfingarstöðvar.



D.10

Hæfingarstöðvar verði vinnu- og virknimiðstöðvar. Tillaga að breytingu á heiti aðgerðar: Aukið samstarf Vinnumálastofnunar og vinnu- og virknimiðstöðva.

E.1.

Lagt er til að Ráðgjafa- og greiningarstöð ríkisins, Barna og unglíngageðdeild, Geðheilsumiðstöð barna og heilbrigðisráðuneytinu verði bætt við sem samstarfsaðilar.

E.3.

Lagt er til að Ráðgjafa- og greiningarstöð ríkisins verði bætt við sem samstarfsaðila.

E.5.

Lagt er til að fræðasamfélaginu verði bætt við sem samstarfsaðila.

E.6.

Velferðarsvið bendir á að Geðheilsuteymi taugaproskaraskana er nú þegar starfrækt, því er ekki þörf á að kanna sérstaklega þörfina á því þar sem teymið hefur nú þegar sannað tilgang sinn. Væntanlega átt við að könnuð verði þörf fyrir fleiri sérhæfð þverfagleg teymi fagfólks. Benda má á að þörf er fyrir sérhæfða deild innan LSH fyrir fólk með tvígreiningar. Þörf á sértækri geðheilbrigðisþjónustu er til staðar og því hægt að fara beint í kortlagningu og gerð tillagna um lausnir. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Félags- og vinnumálaráðuneytið þurfa að vera samstarfsaðilar.

B.7.

Góð aðgerð sem þarf að tengja við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og þá vinnu sem þegar hefur farið fram við innleiðingu á þeim.

E.8.

Mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga sé samstarfsaðili.

E.9.

Bæta fræðasamfélaginu inn sem samstarfsaðila.



E.11.

Spurning hvort starfhópurinn þurfi ekki að skoða þessi mál í víðara samhengi þar sem laga- og reglugerðarbreytingar eru ekki líklegar til að skila miklum árangri ef ekki fylgir fræðsla og vitundarvakning.

F.1.

Mennta- og barnamálaráðuneytið þarf að vera samstarfsaðili þar sem það ráðuneyti fer nú með málefni fatlaðra barna.

Að lokum vill velferðarsvið Reykjavíkurborgar benda á að í kafla 3.1. í greinargerð með landsáætluninni kemur fram að þær aðgerðir sem lagðar eru fram rúmist innan fjárheimilda þess ráðuneytis sem ber ábyrgð á hverri aðgerð. Þrátt fyrir að tilgreint sé að sumar aðgerðir verði þó kostnaðarmetnar samhliða vinnu að framkvæmd þeirra væri skýrara að taka þetta fram við hverja aðgerð. Það er að segja hvort að aðgerðin rúmist innan fjárheimilda eða hvort að kostnaðarmeta þurfi síðar. Mikilvægt er að vanda kostnaðarmat og að fjármagni verði ráðstafað á grundvelli skýrrar forgangsröðunar með það að leiðarljósi að tryggja stöðu fatlaðs fólks sem þarf hvað mestan stuðnings til að taka þátt í samfélaginu til jafns við aðra.

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Aðalbjörg Traustadóttir,
skrifstofustjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks